

Stjórnarfundur FUM var haldinn miðvikudaginn 7. mars 2007 kl. 15:30 í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. Kristjana Stella Blöndal, boðaði forföll. Formaður ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Aðalfundurinn 12. mars í stofu H-101 KHÍ, samanber útsent fundarboð. Farið yfir dagskrá og stöðu v. undirbúning hvers liðar.
2. Litið tilbaka yfir tímabil stjórnar og til framtíðarstarfs félagsins. Hvað hefðum við átt að gera öðruvísi, vegarnesti til næstu stjórnar.
3. Tímarit félagsins. Reikningar, dreifingarátætlun og fleira.
4. Önnur mál.

1. Aðalfundur FUM 2007. Farið yfir framlagða árskýrslu formanns, sem lögð verður fram á aðalfundinum. Amalía ræddi um stöðu reikninga og stöðu félagsins fjárhagslega. Nú er gert upp frá áramótum til áramóta þannig að það er staða félagsins í lok 2006 sem birt verður á fundinum. Staða félagsins eftir greiðslu fyrir tímaritið 2006 er góð, enda hafa félagsgjöld skilað sér vel og tímaritið verið innifalið. Lagt verður til að félagsgjöld verði óbreytt og að skoðunarmenn reikninga verði þeir sömu og síðast. Ragnar mun gera grein fyrir starfi í ritnefnd og ritstjórn *Tímarits um menntarannsóknir* undir liðnum Skýrslur nefnda og starfshópa. Ákveðið var að Guðný, Stella, Jóhanna Rósa og Þórdís gangi úr stjórn, þær gefa ekki kost á sér áfram, en gera tillögu um að Amalía og Ragnar verði áfram. Amalía býður sig fram til formanns félagsins og Meyvant varamaður bíður sig fram sem aðalmann. Því þarf að kjósa amk. 3 nýja menn í stjórn.

2. Umræður snérust um að halda starfi félagsins í svipuðum farvegi áfram. Rætt var um mikilvægi þess að virkja félagsmenn betur, t.d. að bjóða þeim að taka þátt í starfi félagsins eða tímaritsins í gegn um heimasíðuna.

3. Ragnar ræddi um ákvæði um vinnureglur fyrir ritstjórn Tímaritsins, sem hann mun leggja fram á Aðalfundnum 12. mars, en senda stjórn áður. M.a. reglur um hve lengi ritstjóri situr, og til hve langs tíma ritstjórnarmenn eru kjörnir, þannig að þeir hætti ekki allir í einu. Hugmynd kom fram á fundinum um að fólk geti boðið sig fram í ritstjórn í gegnum heimasíðuna. Reikningar fyrir tímaritið 2006 voru samþykktir, upp á 876.088 krónur. Athugað verður hvað kostar að prenta tímaritið í öðru upplagi með hliðsjón af því að koma því á fleiri bókasöfn landsins í áskrift, og dreifa því víðar en til félagsmanna og í bókabúðir.

4. Rætt var um heimasíðu eða vef félagsins www.fum.is, en mikil ánægja er með hann. Bent var á atriði sem hafa valdið vandræðum, eins og mikið af rusl pósti og því var krækjan um umræður tekin úr sambandi, en hún hefur mjög lítið verið notuð. Gert hefur verið átak í að uppfæra félagaskrána, en nokkuð er um að heimilisföng eru ekki rétt, sem birtist m.a. í því að Tímaritið er endursent.

Sá sem tekur við umsjón vefsins í nýrri stjórn verður settur inn í stöðu mála.

Formaður þakkaði fundarmönnum ánægjulegt samstarf í stjórninni.

Fundi slitið 17:30.

.

